AUGLÝSING

um samning um umferð á vegum.

Hinn 22. júlí 1983 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um umferð á vegum sem gerður var í Genf 19. september 1949.

Samningurinn tekur gildi fyrir Ísland 21. ágúst 1983. Í samræmi við 30. gr. samningsins kemur hann í samskiptum aðildarríkja í stað alþjóðasamnings frá 24. apríl 1926 um bifreiðaumferð (sbr. Samninga Íslands við erlend ríki I, nr. 32).

Við afhendingu aðildarskjalsins var tilkynnt að viðauki 1 gilti ekki gagnvart Íslandi.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. júlí 1983.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
UM UMFERÐ Á VEGUM

Aðildarríkin, sem vilja stuðla að framþróun og öryggi alþjóðlegrar umferðar á vegum með því að setja tilteknar samræmdar reglur,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi ákvæði:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Jafnframt því að hvert aðildarríki áskilur sér rétt til lögsögu að því er varðar notkun eigin vega, hafa þau orðið ásátt um að heimil sé alþjóðleg umferð um vegi þessa með þeim skilyrðum sem sett eru í samningi þessum.

2. Engu aðildarríki er skylt að láta ívilnun sem felst í ákvæðum samnings þessa ná til vélknúins ökutækis, tengivagns eða stjórnanda sem verið hefur innan landssvæðis þess ríkis óslitið meira en eitt ár.

2. gr.

1. Viðaukar við samning þennan teljast óaðskiljanlegir hlutar samningsins; þó getur hvert ríki lýst því yfir við undirritun samningsins, fullgildingu eða aðild eða hvenær sem er síðar að viðaukar 1 og 2 gildi ekki gagnvart því ríki.

2. Nú hefur viðauki 1 eða 2 verið undanþeginn samkvæmt 1. tl. þessarar greinar og getur þá hvert aðildarríki hvenær sem er tilkynnt aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að þeir skuli gilda gagnvart því ríki frá dagsetningu tilkynningar að telja.

3. gr.

1. Ráðstafanir sem öll eða tiltekin aðildarríki kunna að hafa ákveðið eða síðar kunna að ákveða í þeim tilgangi að auðvelda alþjóðlega umferð um vegi með því að einfalda framkvæmd ákvæða um tolla-, lögreglu- eða heilbrigðismál eða annarra ákvæða skulu teljast í samræmi við markmið samnings þessa.

CONVENTION
ON ROAD TRAFFIC

The Contracting States, desirous of promoting the development and safety of international road traffic by establishing certain uniform rules,

Have agreed upon the following provisions:

Chapter I

GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1

1. While reserving its jurisdiction over the use of its own roads, each Contracting State agrees to the use of its roads for international traffic under the conditions set out in this Convention.

2. No Contracting State shall be required to extend the benefit of the provisions of this Convention to any motor vehicle or trailer, or to any driver having remained within its territory for a continuous period exceeding one year.

ARTICLE 2

1. The annexes to this Convention shall be considered as integral parts of the Convention; it being understood, however, that any State may on signature or ratification of, or accession to, the Convention, or at any time thereafter, by declaration exclude annexes 1 and 2 from its application of the Convention.

2. Any Contracting State may at any time give notice to the Secretary-General of the United Nations that it will be bound, as from the date of the said notification, by annexes 1 and 2 as excluded under the terms of paragraph 1 of this article.

ARTICLE 3

1. Measures which all the Contracting States or certain of them may have agreed, or shall in the future agree, to put into effect with a view to facilitating international road traffic by simplifying customs, police, health or other requirements will be regarded as being in conformity with the object of this Convention.

2. a) Aðildarríki getur krafist skuldaviðurkenningar eða annarrar tryggingar til greiðslu aðflutningstolla og skatta sem ella yrðu lagðir á innflutning vélknúins ökutækis sem heimil er alþjóðleg umferð.

b) Vegna framkvæmdar þessarar greinar skal aðildarríki viðurkenna tryggingu veitta af stofnun sem komið hefur verið á fót á landssvæði þess og er í tengslum við alþjóðleg samtök sem gefið hafa út gilt alþjóðlegt tollvegabréf fyrir vélknúið ökutæki (svo sem carnet de passages en douane).

3. Í því skyni að fullnægja ákvæðum þessa samnings munu aðildarríkin stefna að því að tollstofur og varðstöðvar sem næstar eru hver annarri á sama alþjóðavegi verði opnar á sama tíma.

2. (*a*) A bond or other form of security guaranteeing payment of any import duties and import taxes which would, in the absence of such security, be chargeable on the importation of any motor vehicle admitted to international traffic may be required by any Contracting State.

(*b*) A Contracting State shall accept for the purposes of this article the guarantee of an organization established in its own territory affiliated to an international association which has issued a valid international customs pass for the motor vehicle (such as a *carnet de passages en douane*).

3. For the fulfilment of the requirements provided for in this Convention the Contracting States will endeavour to keep open during the same hours customs offices and posts next to each other on the same international road.

4. gr.

1. Í samningi þessum merkir:

„Alþjóðleg umferð" hvers konar umferð yfir a. m. k. ein landamæri.

„Vegur" hvers konar veg sem opinn er almenningi til umferðar með ökutæki.

„Akbraut" þann hluta vegar sem venjulega er notaður til umferðar ökutækja.

„Akrein" hvern hluta sem skipta má akbraut í og er nægilega breiður fyrir umferð einnar raðar ökutækja.

„Stjórnandi" mann sem stjórnar ökutæki, þ. m. t. reiðhjóli, eða rekur dráttar-, klyfja- eða söðladýr eða hópa eða hjarðir á vegi eða hefur fulla stjórn á þeim.

„Vélknúið ökutæki" hvers konar ökutæki sem knúið er eigin aflvél, og venjulega er notað til fólks- eða vöruflutninga á vegi, að undanteknum ökutækjum á teinum eða tengdum rafleiðslum. Hverju ríki sem bundið er af viðauka 1 ber að útiloka frá þessari skilgreiningu reiðhjól sem búin eru hjálparvél af þeirri gerð sem greinir í þeim viðauka.

„Liðskipt ökutæki" hvers konar vélknúið ökutæki með tengivagni án framöxuls, þannig tengdum að hluta tengivagns er komið fyrir ofan á vélknúna ökutækinu og verulegur hluti þunga tengivagnsins og farms hans hvílir á vélknúna ökutækinu. Þess háttar tengivagn nefnist „festivagn".

„Tengivagn" hvers konar ökutæki sem vélknúnu ökutæki er ætlað að draga.

„Reiðhjól" hvers konar reiðhjól sem er ekki knúið eigin aflvél. Hvert það ríki sem bundið er af viðauka 1 skal sjá um að þessi skilgreining taki til reiðhjóla sem búin eru hjálparvél af þeirri gerð sem greinir í þeim viðauka.

„Heildarþyngd" ökutækis þyngd ökutækis og farms þegar ökutækið er í kyrrstöðu og búið til aksturs; er þá meðtalin þyngd stjórnanda og farþega á þeirri stundu.

ARTICLE 4

1. For the purpose of this Convention the following expressions shall have the meanings hereby assigned to them:

"International traffic" means any traffic which crosses at least one frontier;

"Road" means any way open to the public for the circulation of vehicles;

"Carriageway" means that portion of a road normally used by vehicular traffic;

"Lane" means any one of the parts into which the carriageway is divisible, each sufficient in width for one moving line of vehicles;

"Driver" means any person who drives a vehicle, including cycles, or guides draught, pack or saddle animals or herds or flocks on a road, or who is in actual physical control of the same;

"Motor vehicle" means any self-propelled vehicle normally used for the transport of persons or goods upon a road, other than vehicles running on rails or connected to electric conductors. Any State bound by annex 1 shall exclude from this definition cycles fitted with an auxiliary engine of the type described in that annex;

"Articulated vehicle" means any motor vehicle with a trailer having no front axle and so attached that part of the trailer is superimposed upon the motor vehicle and a substantial part of the weight of the trailer and of its load is borne by the motor vehicle. Such a trailer shall be called a "semi-trailer";

"Trailer" means any vehicle designed to be drawn by a motor vehicle;

"Cycle" means any cycle not self-propelled. Any State bound by annex 1 shall include in this definition cycles fitted with an auxiliary engine of the type described in that annex;

"Laden weight" of a vehicle means the weight of the vehicle and its load when the vehicle is stationary and ready for the road, and shall include the weight of the driver and of any other persons carried for the time being;

„Hámarksfarmur" þyngd þess farms sem leyfð er af þar til bæru yfirvaldi skráningarlandsins.

„Leyfð hámarksþyngd" ökutækis þyngd ökutækis með hámarksfarmi þegar ökutækið er búið til aksturs.

5. gr.

Samningur þessi felur ekki í sér heimild til flutnings á mönnum gegn greiðslu eða flutnings á varningi umfram persónulegan farangur þeirra sem eru með ökutækinu, enda þessi atriði og öll önnur atriði sem samningurinn fjallar ekki um háð landslögum með fyrirvara um beitingu annarra alþjóðasamninga eða samþykkta.

"Maximum load" means the weight of the load declared permissible by the competent authority of the country of registration of the vehicle;

"Permissible maximum weight" of a vehicle means the weight of the vehicle and its maximum load when the vehicle is ready for the road.

ARTICLE 5

This Convention is not to be taken as authorizing the carriage of persons for hire or reward or the carriage of goods other than the personal baggage of the occupants of the vehicle; it being understood that these matters and all other matters not provided for in this Convention remain within the competence of domestic legislation, subject to the application of other relevant international conventions or agreements.

II. KAFLI
Umferðarreglur.

6. gr.

Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að reglum þeim sem fjallað er um í þessum kafla verði framfylgt.

7. gr.

Sérhver stjórnandi, gangandi maður og annar vegfarandi skal haga sér þannig að ekki valdi umferð hættu eða truflun; hann skal forðast hvers konar hegðun sem gæti valdið tjóni á mönnum eða opinberum eignum eða einkaeignum.

8. gr.

1. Í sérhverju ökutæki eða samtengdum ökutækjum sem virka sem heild skal vera stjórnandi.

2. Dráttar-, klyfja- og söðladýr skulu hafa stjórnanda og nautgripir skulu vera undir leiðsögn nema á sérstökum svæðum sem auðkennd skulu við inngang.

3. Lestir ökutækja og dýra skulu hafa þann fjölda stjórnenda sem landslög mæla fyrir um.

4. Lestum skal, ef nauðsyn ber til, skipt í einingar hæfilegrar lengdar og með nægu millibili til að auðvelda umferð. Þetta ákvæði á ekki við á svæðum þar sem hirðingjar fara um.

5. Stjórnendur skulu jafnan hafa vald á ökutækjum sínum eða dýrum. Þegar þeir nálgast aðra vegfarendur skulu þeir gæta varúðar sem nauðsynleg kann að vera öryggi síðarnefndra.

9. gr.

1. Allri umferð ökutækja sem stefnir í sömu átt skal haldið sömu megin vegar og skal hið sama gilda á öllum vegum í hlutaðeigandi landi. Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á innlendar reglur um einstefnuumferð.

2. Það ákvæði gildir almennt, svo og hvarvetna þar sem ákvæði 7. gr. mæla svo fyrir, að stjórnanda er skylt:

Chapter II
RULES OF THE ROAD

ARTICLE 6

Each Contracting State shall take appropriate measures to ensure the observance of the rules set out in this chapter.

ARTICLE 7

Every driver, pedestrian or other road user shall conduct himself in such a way as not to endanger or obstruct traffic; he shall avoid all behaviour that might cause damage to persons, or public or private property.

ARTICLE 8

1. Every vehicle or combination of vehicles proceeding as a unit shall have a driver.

2. Draught, pack or saddle animals shall have a driver, and cattle shall be accompanied, except in special areas which shall be marked at the points of entry.

3. Convoys of vehicles and animals shall have the number of drivers prescribed by domestic regulations.

4. Convoys shall, if necessary, be divided into sections of moderate length, and be sufficiently spaced out for the convenience of traffic. This provision does not apply to regions where migration of nomads occurs.

5. Drivers shall at all times be able to control their vehicles or guide their animals. When approaching other road users, they shall take such precautions as may be required for the safety of the latter.

ARTICLE 9

1. All vehicular traffic proceeding in the same direction on any road shall keep to the same side of the road, which shall be uniform in each country for all roads. Domestic regulations concerning one-way traffic shall not be affected.

2. As a general rule and whenever the provisions of article 7 so require, every driver shall:

a) á akbraut með tveimur akreinum fyrir umferð í báðar áttir að halda ökutæki sínu á akrein sem samsvarar þeirri átt sem stefnt er í.

b) á akbraut með fleiri en tveimur akreinum að halda ökutæki sínu á akrein næst brún akbrautar sem samsvarar þeirri átt sem stefnt er í.

3. Dýrum skal halda eins nærri vegarbrún og unnt er í samræmi við innlend ákvæði.

10. gr.

Stjórnandi ökutækis skal einatt hafa vald á hraða þess; ber honum að aka varlega og með athygli. Skal hann draga úr hraða eða nema staðar hvert sinn er aðstæður krefjast og einkum þegar útsýn er ekki góð.

11. gr.

1. Stjórnendur skulu þegar þeir mætast eða þegar farið er fram úr þeim halda sér eins nærri brún akbrautar og unnt er, þeim megin sem samsvarar þeirri átt sem stefnt er í. Við framúrakstur skal stjórnandi fara framhjá, annað hvort vinstra eða hægra megin við ökutæki eða dýr sem farið er fram úr, í samræmi við gildandi reglu hlutaðeigandi lands. Þessi ákvæði þurfa ekki að gilda gagnvart sporvögnum, járnbrautarlestum á vegum og tilteknum fjallvegum.

2. Þegar ökutæki eða dýr sem stjórnað er nálgast, er stjórnanda skylt:

a) þegar mæst er, að sjá um að nægilegt rými sé fyrir ökutækið eða dýrið sem stjórnað er og nálgast úr gagnstæðri átt.

b) þegar farið er fram úr honum, að halda sér eins nærri brún akbrautar og unnt er, þeim megin sem samsvarar þeirri átt sem stefnt er í og auka ekki hraða.

3. Stjórnendur sem hyggjast fara fram úr skulu ganga úr skugga um að nægilegt rými og nægileg útsýn sé framundan, þannig að fara megi fram úr án áhættu. Að framúrakstri loknum skulu þeir færa ökutæki sín aftur að hægri eða vinstri brún, í samræmi við gildandi reglu hlutaðeigandi lands, þó því aðeins að þeir hafi áður gengið úr skugga um að slíkt megi verða án óþæginda því ökutæki, gangandi manni eða dýri sem farið er fram úr.

12. gr.

1. Sérhver stjórnandi sem nálgast vegagreiningu, krossgötur eða önnur vegamót eða járnbrautamót skal gæta sérstakrar varúðar í því skyni að komist verði hjá slysum.

2. Við vegamót tiltekinna vega eða vegarkafla má heimila forgangsrétt. Forgangsrétt skal auðkenna með merkjum og er stjórnanda sem nálgast slíkan veg eða vegarkafla skylt að víkja fyrir stjórnendum sem fara um hann.

3. Ákvæðum í viðauka 2 um forgangsrétt við vegamót sem ekki falla undir 2. tl. þessarar greinar skal beitt af þeim ríkjum sem bundin eru af þeim viðauka.

4. Stjórnandi skal áður en hann beygir inn á annan veg:

(*a*) On two-lane carriageways intended for two-way traffic, keep his vehicle in the lane appropriate to the direction in which he is travelling;

(*b*) On carriageways with more than two lanes, keep his vehicle in the lane nearest to the edge of the carriageway appropriate to the direction in which he is travelling.

3. Animals shall be kept as near as possible to the edge of the road in accordance with domestic regulations.

ARTICLE 10

The driver of a vehicle shall at all times have its speed under control and shall drive in a reasonable and prudent manner. He shall slow down or stop whenever circumstances so require, and particularly when visibility is not good.

ARTICLE 11

1. Drivers when meeting or being overtaken shall keep as close as practicable to the edge of the carriageway on the side appropriate to the direction in which they are travelling. In overtaking, a driver shall pass on the left or the right of the overtaken vehicle or animal according to the rule observed in the country concerned. These rules shall not necessarily apply in the case of tramcars, trains on roads, and certain mountain roads.

2. On the approach of any vehicle or accompanied animal, drivers shall:

(*a*) When meeting, leave sufficient space for the vehicle or accompanied animal coming from the opposite direction;

(*b*) When being overtaken, keep as close as practicable to the appropriate edge of the carriageway and not accelerate.

3. Drivers intending to overtake shall make sure that there is sufficient room and sufficient visibility ahead to permit overtaking without danger. After overtaking they shall bring their vehicles back to the right or left hand side according to the rule observed in the country concerned, but only after making sure that this will not inconvenience the vehicle, pedestrian or animal overtaken.

ARTICLE 12

1. Every driver approaching a fork, crossroad, road junction or level-crossing shall take special precautions to avoid accidents.

2. Priority of passage may be accorded at intersections on certain roads or sections of road. Such priority shall be marked by signs and every driver approaching such a road or section of road shall be bound to yield the right of way to drivers travelling along it.

3. The provisions of annex 2 regarding the priority of passage at intersections not covered by paragraph 2 of this article shall be applied by the States bound by the said annex.

4. Every driver before starting to turn into a road shall:

a) ganga úr skugga um að óhætt sé að beygja án hættu fyrir aðra vegfarendur.

b) gefa greinilega til kynna að hann hyggist beygja.

c) færa sig eftir föngum að brún akbrautar þeim megin sem samsvarar þeirri átt sem stefnt er í ef hann hyggst beygja af vegi þeim megin.

d) færa sig eftir föngum að miðju akbrautar ef hann hyggst beygja af vegi hinum megin, nema annað verði ráðið af 2. tl. 16. gr.

e) gæta þess fortakslaust að verða umferð úr gagnstæðri átt ekki til trafala.

13. gr.

1. Ökutækjum eða dýrum í kyrrstöðu skal ef unnt er halda utan akbrautar, en ella eins nærri brún akbrautar og unnt er. Stjórnendur mega ekki fara frá ökutækjum eða dýrum nema þeir hafi áður gert hvers konar nauðsynlegar ráðstafanir til að firra slysum.

2. Ökutæki og dýr skal ekki skilja eftir þar sem þau kunna að valda hættu eða truflun, einkum ekki við eða nálægt vegamótum, beygju á vegi eða hæðarbrún.

14. gr.

Gera skal hvers konar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farmur ökutækis geti ekki valdið tjóni eða hættu.

15. gr.

1. Frá dagsetri og að nóttu til eða þegar þörf er á vegna aðstæðna í andrúmslofti, skal á hverju ökutæki eða samtengdum ökutækjum á vegi vera tendrað a. m. k. eitt hvítt ljós sem lýsir fram og a. m. k. eitt rautt ljós sem lýsir aftur.

Þegar ökutæki, annað en reiðhjól og bifhjól án hliðarvagns, er aðeins búið einu hvítu framljósi, skal því komið fyrir þeim megin sem næst er umferð úr gagnstæðri átt.

Í löndum þar sem skylt er að hafa tvö hvít framljós skal öðru þeirra komið fyrir hægra megin á ökutæki, hinu vinstra megin.

Rauða ljósið má kveikja annað hvort með öðrum búnaði en hvíta framljósið eða ljósin eru kveikt með eða með sama búnaði þegar ökutækið er nægilega stutt og að öðru leyti þannig búið að slíkt er hægt.

2. Ökutæki má aldrei hafa rautt ljós eða rautt endurskinsgler sem lýsir fram eða hvítt ljós eða hvítt endurskinsgler sem lýsir aftur. Þetta ákvæði gildir ekki um hvítt eða gult ljós fyrir akstur aftur á bak þegar löggjöf skráningarlands heimilar slík ljós.

3. Ljós og endurskinsgler skulu þannig gerð að aðrir vegfarendur veiti ökutækinu glögga eftirtekt.

4. Aðildarríki eða hluti þess getur, svo fremi að gætt sé allra ráðstafana til tryggingar eðlilegum öryggisaðstæðum, undanþegið ákvæðum þessarar greinar:

(*a*) Make sure that he can do so without danger to other road users;

(*b*) Give adequate notice of his intention to turn;

(*c*) Move over as far as practicable to the edge of the carriageway on the side appropriate to the direction in which he is travelling if he wishes to turn off the road on that side;

(*d*) Move as near as practicable towards the middle of the carriageway if he wishes to leave the road and turn to the other side, except as provided for in paragraph 2 of article 16;

(*e*) In no case hamper the traffic coming from the opposite direction.

ARTICLE 13

1. Stationary vehicles or animals shall be kept off the carriageway if feasible, or, if not, as close as practicable to the edge of the carriageway. Drivers shall not leave vehicles or animals until they have taken all necessary precautions to avoid an accident.

2. Vehicles and animals shall not be left waiting where they are likely to cause danger or obstruction, and in particular at or near a road intersection, a bend or the top of a hill.

ARTICLE 14

All necessary precautions shall be taken to ensure that the load of a vehicle shall not be a cause of damage or danger.

ARTICLE 15

1. From nightfall and during the night, or when atmospheric conditions render it necessary, every vehicle or combination of vehicles on a road shall show at least one white light in front and at least one red light in the rear.

When a vehicle, other than a cycle or a motor-cycle without sidecar, is provided with only one white light in front, this shall be placed on the side nearest to traffic coming from the opposite direction.

In countries where two white front lights are obligatory, such lights shall be placed one on the right and one on the left of the vehicle.

The red light may be produced either by a device distinct from that which produces the white light or lights in front or by the same device when the vehicle is short enough and so arranged as to permit this.

2. In no case shall a vehicle have a red light or a red reflector directed to the front or a white light or a white reflector directed to the rear. This provision shall not apply to a white or yellow reversing light in cases where the domestic legislation of the country of registration of the vehicle permits such lights.

3. Lights and reflex reflectors shall be such as to ensure that the vehicle is clearly indicated to other road users.

4. Any Contracting State or subdivision thereof may, provided that all measures are taken to guarantee normal conditions of safety, exempt from certain provisions of this article:

a) ökutæki notuð í sérstöku skyni eða við sérstakar aðstæður.

b) ökutæki sérstakrar lögunar og gerðar.

c) kyrrstæð ökutæki á nægilega vel lýstum vegum.

16. gr.

1. Ákvæði þessa kafla gilda um rafmagnstaugvagna.

2. a) Hjólreiðamenn skulu nota hjólreiðastíga þar sem svo er boðið með viðeigandi merki eða þar sem slíkt er skylt samkvæmt landslögum.

b) Hjólreiðamenn skulu, þar sem aðstæður krefjast, fara í einfaldri röð og mega aldrei fara saman fleiri en tveir hlið við hlið á akbraut, nema við sérstakar aðstæður ákveðnar í landslögum.

c) Ökutæki mega ekki hafa hjólreiðamenn í drætti.

d) Ákvæði 12. gr. 4. d) eiga ekki við um hjólreiðamenn í löndum þar sem landslög ákveða annað.

III. KAFLI

Umferðarmerki.

17. gr.

1. Til að tryggja samræmda skipan skal eftir því sem auðið er aðeins koma fyrir á vegum í aðildarríki umferðarmerkjum sem viðurkennd eru í því ríki. Nú ber nauðsyn til að taka upp ný merki, og skal lögun þeirra, litur og táknmynd vera í samræmi við skipan þess ríkis.

2. Fjölda viðurkenndra merkja skal takmarka við brýna nauðsyn. Þeim skal aðeins komið fyrir þar sem þeirra er brýn þörf.

3. Viðvörunarmerkjum skal komið fyrir í nægilegri fjarlægð frá hættustað til viðvörunar vegfarendum.

4. Bannað er að festa við viðurkennt merki hvers kyns auglýsingar sem eru í ósamræmi við markmið þess og kunna að gera það ógreinilegra eða raska eðli þess.

5. Bannað er að setja upp spjöld og auglýsingar sem rugla mætti saman við viðurkennd merki eða torvelda lestur þeirra.

IV. KAFLI

Ákvæði um vélknúin ökutæki og tengivagna í alþjóðlegri umferð.

18. gr.

1. Til þess að njóta ívilnana samnings þessa skal vélknúið ökutæki vera skráð í aðildarríki eða hluta þess í samræmi við lög þess.

2. Skráningarskírteini, þar sem skráð er a. m. k. röðunarnúmer skírteinis, er nefnist skráningarnúmer, nafn framleiðanda ökutækisins eða vörumerki, framleiðslu- eða röð-

(*a*) Vehicles used for special purposes or under special conditions;

(*b*) Vehicles of special shape and kind;

(*c*) Stationary vehicles on adequately lighted roads.

ARTICLE 16

1. The provisions of this chapter shall apply to trolleybuses.

2. (*a*) Cyclists shall use cycle tracks where there is an obligation to do so indicated by an appropriate sign, or where such obligation is imposed by domestic regulations;

(*b*) Cyclists shall proceed in single file where circumstances so require and, except in special cases provided for in domestic regulations, shall never proceed more than two abreast on the carriageway;

(*c*) Cyclists shall not be towed by vehicles;

(*d*) The provisions of paragraph 4 (*d*) of article 12 shall not apply to cyclists where domestic regulations provide otherwise.

Chapter III

SIGNS AND SIGNALS

ARTICLE 17

1. With a view to ensuring a homogeneous system, the road signs and signals adopted in each Contracting State shall, as far as possible, be the only ones to be placed on the roads of that State. Should it be necessary to introduce any new sign, the shape, colour and type of symbol employed shall conform with the system in use in that State.

2. The number of approved signs shall be limited to such as may be strictly necessary. They shall be placed only at points where they are essential.

3. The danger signs shall be placed at a sufficient distance from the object indicated to give road users adequate warning.

4. The affixing to an approved sign of any notice not related to the purpose of such sign and liable to obscure it or to interfere with its character shall be prohibited.

5. All boards and notices which might be confused with the approved signs or make them more difficult to read shall be prohibited.

Chapter IV

PROVISIONS APPLICABLE TO MOTOR VEHICLES AND TRAILERS IN INTERNATIONAL TRAFFIC

ARTICLE 18

1. In order to be entitled to the benefits of this Convention, a motor vehicle shall be registered by a Contracting State or subdivision thereof in the manner prescribed by its legislation.

2. A registration certificate containing at least the serial number, known as the registration number, the name or the trade mark of the maker of the vehicle, the maker's

unarnúmer framleiðanda, dagsetning fyrstu skráningar og fullt nafn umsækjanda og fast heimilisfang, skal gefið út af þar til bæru yfirvaldi eða félagi sem fengið hefur til þess umboð.

3. Skírteini þetta skulu aðildarríkin viðurkenna sem sönnun upplýsinga sem þar eru skráðar, nema annað verði sannað.

19. gr.

1. Skráningarnúmer sem þar til bært yfirvald hefur gefið út eða úthlutað skal vera a. m. k. á skut hvers vélknúins ökutækis, annað hvort á sérstöku spjaldi eða á ökutækinu sjálfu. Þegar vélknúið ökutæki dregur einn eða fleiri tengivagna skal á tengivagninum eða aftasta tengivagni vera skráningarnúmer dráttartækis eða eigið skráningarnúmer.

2. Skráningarnúmer skal gert og því komið fyrir í samræmi við viðauka 3.

20. gr.

1. Auk skráningarnúmersins skal þjóðernismerki sem svarar til skráningarstaðar ökutækisins vera á skut hvers vélknúins ökutækis, annað hvort á sérstöku spjaldi eða á ökutækinu sjálfu. Merki þetta skal gefa til kynna annað hvort ríki eða landssvæði sem er sérstök eining að því er skráningu varðar. Þegar vélknúið ökutæki dregur einn eða fleiri tengivagna skal þetta merki einnig vera á skut tengivagnsins eða aftasta vegns.

2. Þjóðernismerki skal gert og því komið fyrir í samræmi við viðauka 4.

21. gr.

Á hverju vélknúnu ökutæki og tengivagni skulu vera auðkenni í samræmi við viðauka 5.

22. gr.

1. Hvert vélknúið ökutæki og hver tengivagn skal vera í góðu, gangfæru ástandi og vélbúnaði þannig háttað að stjórnanda, öðrum þeim sem eru með ökutækinu eða öðrum vegfarendum sé ekki hætta búin, og að opinberum eignum eða einkaeignum verði eigi hætt við tjóni.

2. Auk þessa skal hvert vélknúið ökutæki og tengivagn og búnaður þeirra vera í samræmi við ákvæði viðauka 6 og stjórnandi hvers vélknúins ökutækis skal gæta þar greindra fyrirmæla.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda um rafmagstaugvagna.

23. gr.

1. Hámarksstærð og hámarksþyngd ökutækja á vegum í hverju aðildarríki eða hluta þess skal ákveðin í landslögum. Á tilteknum vegum tilnefndum af ríkjum sem eru aðilar að svæðisbundnum samþykktum, eða þegar um þær er ekki að ræða, af aðildarríki, skal leyfð hámarksstærð og hámarksþyngd vera eins og greinir í viðauka 7.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda um rafmagnstaugvagna.

identification or serial number, the date of first registration and the full name and permanent place of residence of the applicant for the said certificate shall be issued either by the competent authority or by an association duly empowered to do so.

3. This certificate shall be accepted by all Contracting States as *prima facie* evidence of the information entered thereon.

ARTICLE 19

1. Every motor vehicle shall display at least at the back on a special plate or on the vehicle itself, a registration number issued or allotted by the competent authority. In the case of a motor vehicle drawing one or more trailers the single trailer or the last trailer shall display the registration number of the drawing vehicle or its own registered number.

2. The composition of the registration number and the manner in which it is displayed shall be as set out in annex 3.

ARTICLE 20

1. Every motor vehicle shall in addition to the registration number display at the back, inscribed on a plate or on the vehicle itself, the distinguishing sign of the place of registration of this vehicle. This sign shall indicate either a State or a territory which constitutes a distinct unit from the point of view of registration. In the case of a motor vehicle drawing one or more trailers this sign shall also be displayed at the back of the single trailer or of the last trailer.

2. The composition of the distinguishing sign and the manner in which it is displayed shall be as set out in annex 4.

ARTICLE 21

Every motor vehicle and trailer shall carry the identification marks set out in annex 5.

ARTICLE 22

1. Every motor vehicle and trailer shall be in good working order and in such safe mechanical condition as not to endanger the driver, other occupants of the vehicle or any person upon the road, or cause damage to public or private property.

2. In addition, every motor vehicle, or trailer, and its equipment shall conform to the provisions of annex 6 and the driver of every motor vehicle shall observe the rules set out therein.

3. The provisions of this article shall apply to trolleybuses.

ARTICLE 23

1. The maximum dimensions and weights of vehicles permitted to travel on the roads of each Contracting State or subdivision thereof shall be matters for domestic legislation. On certain roads designated by States Parties to regional agreements or, in the absence of such agreements, by a Contracting State, the permissible maximum dimensions and weights shall be those set out in annex 7.

2. The provisions of this article shall apply to trolleybuses.

V. KAFLI

Stjórnendur vélknúinna ökutækja í alþjóðlegri umferð.

24. gr.

1. Hvert aðildarríki skal, án nánari könnunar, leyfa hverjum stjórnanda, sem heimiluð er koma á landssvæði þess og fullnægir skilyrðum í viðauka 8, umferð á vegum þess með vélknúin ökutæki af þeirri gerð sem greinir í viðaukum 9 og 10, enda hafi hann gilt ökuskírteini fyrir þá gerð ökutækja, gefið út á nafn hans, eftir að hann hefur fært sönnur á færni sína, af þar til bæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða hluta þess eða af félagi sem fengið hefur umboð yfirvaldsins.

2. Aðildarríki getur þó krafist þess að hver stjórnandi sem heimiluð er koma á landssvæði þess hafi alþjóðlegt ökuskírteini að fyrirmynd viðauka 10, einkum að því er snertir stjórnanda sem kemur frá landi þar sem ökuskírteinis er ekki krafist eða þarlend ökuskírteini eru ekki í samræmi við fyrirmynd viðauka 9.

3. Alþjóðlegt ökuskírteini skal gefið út af þar til bæru yfirvaldi í aðildarríki eða hluta þess eða af félagi sem fengið hefur til þess umboð, eftir að stjórnandi hefur fært sönnur á færni sína, og skal það innsiglað eða stimplað af því yfirvaldi eða félagi. Handhafa er í öllum aðildarríkjum heimilt að stjórna án nánari könnunar vélknúnum ökutækjum af þeirri gerð sem skírteinið er gefið út fyrir.

4. Rétti til að nota innlend sem og alþjóðleg ökuskírteini má hafna þegar ljóst er að skilyrðum fyrir útgáfu þeirra er ekki lengur fullnægt.

5. Aðildarríki eða hluti þess getur því aðeins afturkallað rétt stjórnanda til að nota annað eða bæði framangreind skírteini að stjórnandi hafi framið þess háttar umferðarbrot að valda kunni missi réttinda að lögum þess aðilidarríkis. Þegar svo ber undir getur aðildarríki eða hluti þess sem afturkallar rétt stjórnanda til að nota ökuskírteinið afturkallað það og geymt uns liðinn er sá tími sem slíkri afturköllun er markaður, eða uns handhafi hverfur úr hlutaðeigandi aðildarríki ef hann hverfur áður úr landi. Getur það skráð afturköllunina á skírteinið og tilkynnt því yfirvaldi sem gaf skírteinið út nafn og heimilisfang stjórnandans.

6. Fimm ár frá gildistöku þessa samnings skal hver stjórnandi, sem heimil er alþjóðleg umferð samkvæmt alþjóðasamningi um umferð vélknúinna ökutækja, undirrituðum í París 24. apríl 1926, eða samkvæmt samningi um skipan sam-amerískrar umferðar vélknúinna ökutækja sem lagður var fram til undirritunar í Washington 15. desember 1943, og hefur yfir að ráða þeim skjölum sem þar er krafist, talinn fullnægja skilyrðum þessarar greinar.

25. gr.

Aðildaarríkin skuldbinda sig til þess að veita hvert öðru upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ganga úr skugga um deili á mönnum sem hafa innlend eða alþjóðleg ökuskírteini þegar þeir hafa framið umferðarbrot sem valda kann ákæru.

Chapter V

DRIVERS OF MOTOR VEHICLES IN INTERNATIONAL TRAFFIC

ARTICLE 24

1. Each Contracting State shall allow any driver admitted to its territory who fulfils the conditions which are set out in annex 8 and whc holds a valid driving permit issued to him, after he has given proof of his competence, by the competent authority of another Contracting State or subdivision thereof, or by an association duly empowered by such authority, to drive on its roads without further examination motor vehicles of the category or categories defined in annexes 9 and 10 for which the permit has been issued.

2. A Contracting State may however require that any driver admitted to its territory shall carry an international driving permit conforming to the model contained in annex 10, especially in the case of a driver coming from a country where a domestic driving permit is not required or where the domestic permit issued to him does not conform to the model contained in annex 9.

3. The international driving permit shall, after the driver has given proof of his competence, be delivered by the competent authority of a Contracting State or subdivision thereof, or by a duly authorized association, and sealed or stamped by such authority or association. The holder shall be entitled to drive in all Contracting States without further examination motor vehicles coming within the categories for which the permit has been issued.

4. The right to use the domestic as well as the international driving permit may be refused if it is evident that the conditions of issue are no longer fulfilled.

5. A Contracting State or a subdivision thereof may withdraw from the driver the right to use either of the above-mentioned permits only if the driver has committed a driving offence of such a nature as would entail the forfeiture of his driving permit under the legislation and regulations of that Contracting State. In such an event, the Contracting State or subdivision thereof withdrawing the use of the permit may withdraw and retain the permit until the period of the withdrawal of use expires or until the holder leaves the territory of that Contracting State, whichever is the earlier, and may record such withdrawal of use on the permit and communicate the name and address of the driver to the authority which issued the permit.

6. During a period of five years beginning with the entry into force of this Convention, any driver admitted to international traffic under the provisions of the International Convention relative to Motor Traffic signed at Paris on 24 April 1926, or of the Convention on the Regulation of Inter-American Automotive Traffic opened for signature at Washington on 15 December 1943, and holding the documents required thereunder, shall be considered as fulfilling the requirements of this article.

ARTICLE 25

The Contracting States undertake to communicate to each other such information as will enable them to establish the identity of persons holding domestic or international driving permits when they are liable to proceedings for a driving

Ennfremur skuldbinda þau sig til að veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ganga úr skugga um deili á eiganda eða þeim manni sem skráður er fyrir erlendu ökutæki sem átt hefur hlut að alvarlegu slysi.

offence. They further undertake to make known the information required to establish the identity of the owner or the person in whose name a foreign vehicle which has been involved in a serious accident is registered.

VI. KAFLI

Ákvæði um reiðhjól í alþjóðlegri umferð.

26. gr.

Hvert reiðhjól skal búið:

a) a. m. k. einum virkum hemli.

b) glöggum hljóðmerkjabúnaði með bjöllu sem heyra má úr hæfilegri fjarlægð; ekki má nota annan hljóðmerkjabúnað.

c) hvítu eða gulu framljósi og rauðu ljósi eða endurskinsgleri að aftan frá dagsetri og að nóttu til eða þegar þörf er á vegna aðstæðna í andrúmslofti.

Chapter VI

PROVISIONS APPLICABLE TO CYCLES IN INTERNATIONAL TRAFFIC

ARTICLE 26

Every cycle shall be equipped with:

(*a*) At least one efficient brake;

(*b*) An audible warning device consisting of a bell, to the exclusion of any other audible warning device, capable of being heard at a reasonable distance;

(*c*) A white or yellow light in front and a red light or a red reflex reflector in the rear from nightfall and during the night or when atmospheric conditions render it necessary.

VII. KAFLI

Lokaákvæði.

27. gr.

1. Öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna skal heimil undirritun samnings þessa til 31. desember 1949, svo og hverju því ríki sem boðið var að sækja ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umferð vélknúinna ökutækja á vegum sem haldin var í Genf 1949.

2. Samning þennan skal fullgilda og fullgildingarskjöl afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

3. Frá 1. janúar 1950 geta þau ríki sem 1. tl. þessarar greinar tekur til en hafa ekki undirritað samninginn gerst aðilar að samningnum svo og hvert það ríki annað sem fjárhags- og félagsmálaráð kann að tilnefna með ályktun. Aðild er einnig heimil hverjum þeim gæsluverndarlendum sem lúta stjórn Sameinuðu þjóðanna.

4. Aðild öðlast gildi þegar aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

28. gr.

1. Hvert ríki getur, við undirritun, fullgildingu eða aðild eða hvenær sem vera skal síðar, tilkynnt með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að ákvæði samnings þessa skuli taka til allra eða einstakra landssvæða sem það fer með utanríkismál fyrir. Ákvæði þessi skulu taka til landssvæða sem yfirlýsingin fjallar um 30 dögum frá þeim degi sem aðalframkvæmdastjóra berst yfirlýsingin eða, ef samningurinn hefur þá ekki tekið gildi, á þeim degi sem hann öðlast gildi.

Chapter VII

FINAL PROVISIONS

ARTICLE 27

1. This Convention shall be open, until 31 December 1949, for signature by all States Members of the United Nations and by every State invited to attend the United Nations Conference on Road and Motor Transport held at Geneva in 1949.

2. This Convention shall be ratified and the instruments of ratification deposited with the Secretary-General of the United Nations.

3. From 1 January 1950, this Convention shall be open for accession by those of the States referred to in paragraph 1 of this article which have not signed this Convention and by any other State which the Economic and Social Council may by resolution declare to be eligible. It shall also be open for accession on behalf of any Trust Territory of which the United Nations is the Administering Authority.

4. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

ARTICLE 28

1. Any State may, at the time of signature, ratification or accession, or at any time thereafter, declare, by notification addressed to the Secretary-General of the United Nations, that the provisions of this Convention will be applicable to all or any of the territories for the international relations of which it is responsible. These provisions shall become applicable in the territories named in the notification thirty days after the date of receipt of such notification by the Secretary-General or, if the Convention has not entered into force at that time, then upon the date of its entry into force.

2. Hvert aðildarríki skal, þegar aðstæður leyfa, gera svo fljótt sem verða má nauðsynlegar ráðstafanir til þess að láta samning þennan ná til þeirra landssvæða sem það fer með utanríkismál fyrir, þó með þeim fyrirvara að fyrir liggi samþykki stjórnar hlutaðeigandi landssvæða þegar nauðsyn ber til vegna ákvæða stjórnlaga.

3. Hvert ríki sem skv. 1. tl. þessarar greinar hefur lýst yfir því að samningur þessi taki til landssvæðis sem það fer með utanríkismál fyrir getur hvenær sem vera skal síðar lýst yfir því með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra að samningurinn gildi ekki framar að því er varðar landssvæði það er í tilkynningunni greinir og skal samningurinn eigi framar gilda á því landssvæði að loknu einu ári frá dagsetningu tilkynningarinnar.

29. gr.

Samningur þessi tekur gildi á 30. degi eftir að fimmta fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent til vörslu. Samningurinn tekur gildi fyrir hvert ríki sem eftir þann dag fullgildir eða gerist aðili á 30. degi eftir að fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent til vörslu.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna tilkynnir hverju því ríki sem undirritar eða gerist aðili svo og hverju ríki öðru sem boðið var að sækja ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umferð vélknúinna ökutækja á vegum um gildistökudag samnings þessa.

30. gr.

Í samskiptum aðildarríkja nemur þessi samningur úr gildi og kemur í stað alþjóðasamnings um umferð vélknúinna ökutækja og alþjóðasamnings um umferð á vegum sem undirritaðir voru í París 24. apríl 1926, svo og samnings um skipan sam-amerískrar umferðar vélknúinna ökutækja sem lagður var fram til undirritunar í Washington 15. desember 1943.

31. gr.

1. Hvert aðildarríki getur borið fram tillögu um breytingu á samningi þessum. Texta slíkrar tillögu skal senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem framsendir hann hverju aðildarríki ásamt tilmælum um að það tilkynni honum innan fjögurra mánaða hvort það:

a) æski þess að boðað verði til ráðstefnu til að athuga breytingartillöguna; eða

b) telji að breytingartillöguna beri að samþykkja án ráðstefnu; eða

c) telji að vísa beri breytingartillögunni frá án ráðstefnu.

Auk aðildarríkja ber aðalframkvæmdastjóra jafnframt að senda breytingartillöguna hverju öðru ríki sem boðið var að sækja ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umferð vélknúinna ökutækja á vegum.

2. Aðalframkvæmdastjóri boðar til ráðstefnu aðildarríkjanna til að athuga breytingartillöguna ef ráðstefnu er óskað af:

2. Each Contracting State, when circumstances permit, undertakes to take as soon as possible the necessary steps in order to extend the application of this Convention to the territories for the international relations of which it is responsible, subject, where necessary for constitutional reasons, to the consent of the governments of such territories.

3. Any State which has made a declaration under paragraph 1 of this article applying this Convention to any territory for the international relations of which it is responsible may at any time thereafter declare by notification given to the Secretary-General that the Convention shall cease to apply to any territory named in the notification and the Convention shall, after the expiration of one year from the date of the notification, cease to apply to such territory.

ARTICLE 29

This Convention shall enter into force on the thirtieth day after the date of the deposit of the fifth instrument of ratification or accession. This Convention shall enter into force for each State ratifying or acceding after that date on the thirtieth day after the deposit of its instrument of ratification or accession.

The Secretary-General of the United Nations shall notify each of the signatory or acceding States and every other State invited to attend the United Nations Conference on Road and Motor Transport of the date on which this Convention enters into force.

ARTICLE 30

This Convention shall terminate and replace, in relations between the Contracting States, the International Convention relative to Motor Traffic and the International Convention relative to Road Traffic signed at Paris on 24 April 1926, and the Convention on the Regulation of Inter-American Automotive Traffic opened for signature at Washington on 15 December 1943.

ARTICLE 31

1. Any amendment to this Convention may be proposed by any Contracting State. The text of such proposed amendment shall be communicated to the Secretary-General of the United Nations who shall transmit it to each Contracting State with a request that such State reply within four months stating whether it:

(*a*) Desires that a conference be convented to consider the proposed amendment; or

(*b*) Favours the acceptance of the proposed amendment without a conference; or

(*c*) Favours the rejection of the proposed amendment without a conference.

The proposed amendment shall also be transmitted by the Secretary-General to all States, other than Contracting States, invited to attend the United Nations Conference on Road and Motor Transport.

2. The Secretary-General shall convene a conference of the Contracting States to consider the proposed amendment, if the convening of a conference is requested:

a) a. m. k. einum fjórða hluta aðildarríkja ef um er að ræða tillögu til breytingar á einhverjum hluta samningsins öðrum en viðaukunum;

b) a. m. k. einum þriðja hluta aðildarríkja ef um er að ræða tillögu til breytingar á viðauka öðrum en viðauka 1 og 2;

c) að því er varðar viðauka 1 og 2 af a. m. k. einum þriðja hluta þeirra ríkja sem bundin eru af þeim viðauka sem lagt er til að breytt verði.

Auk aðildarríkja býður aðalframkvæmdastjóri til slíkrar ráðstefnu þeim ríkjum sem boðið var að sækja ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umferð vélknúinna ökutækja á vegum, svo og ríkjum sem fjárhags- og félagsmálaráð telur æskilegt að taki þátt.

Ákvæði þessa töluliðar eiga ekki við þar sem breyting á samningnum hefur verið samþykkt í samræmi við 5. tl. þessarar greinar.

3. Breyting á samningi þessum sem samþykkt er á ráðstefnu með tveimur þriðju hlutum atkvæða skal send öllum aðildarríkjum til samþykktar. 90 dögum eftir að tveir þriðju hlutar aðildarríkja samþykkja hana skal sérhver breyting á samningnum, að undanteknum breytingum á viðaukum 1 og 2, taka gildi gagnvart öllum aðildarríkjum öðrum en þeim sem fyrir gildistöku hennar lýsa yfir því að þau fallist ekki á hana.

Að því er varðar gildistöku breytinga á viðaukum 1 og 2 er tilskilinn meiri hluti tveir þriðju hlutar þeirra ríkja sem bundin eru af hlutaðeigandi viðauka.

4. Ráðstefnan getur, þegar hún samþykkir breytingu á samningi þessum að undanteknum breytingum á viðaukum 1 og 2, ákveðið með tveimur þriðju hlutum atkvæða að hún sé þess eðlis að hvert það aðildarríki sem hefur lýst yfir því að það fallist ekki á breytinguna og fellst ekki á hana innan 12 mánaða frá gildistöku hennar verði ekki lengur aðili að samningnum.

5. Ef tveir þriðju hlutar aðildarríkja tilkynna aðalframkvæmdastjóra, skv. 1. tl. b) þessarar greinar, að þau geti fallist á breytinguna án ráðstefnu, skal aðalframkvæmdastjóri tilkynna öllum aðildarríkjum ákvörðun þeirra. Breytingin tekur gildi 90 dögum frá dagsetningu þeirrar tilkynningar gagnvart öllum aðildarríkjum öðrum en þeim sem innan þess tíma tilkynna aðalframkvæmdastjóra að þau fallist ekki á hana.

6. Að því er varðar breytingar á viðaukum 1 og 2, svo og hvers konar breytingar utan ramma 4. tl. þessarar greinar, skulu gildandi ákvæði gilda áfram gagnvart aðildarríki sem hefur lagt fram yfirlýsingu skv. 3. tl. eða borið fram andmæli gegn slíkri breytingu skv. 5. tl.

7. Aðildarríki sem lagt hefur fram yfirlýsingu skv. ákvæðum 3. tl. þessarar greinar eða hefur borið fram andmæli skv. 5. tl. þessarar greinar gegn breytingu getur hvenær sem vera skal afturkallað slíka yfirlýsingu eða andmæli með tilkynningu til

(*a*) By at least one-quarter of the Contracting States in the case of a proposed amendment to any part of the Convention other than the annexes;

(*b*) By at least one-third of the Contracting States in the case of a proposed amendment to an annex other than annexes 1 and 2;

(*c*) In the case of annexes 1 and 2 by at least one-third of the States bound by the annex to which an amendment has been proposed.

The Secretary-General shall invite to the Conference such States, other than Contracting States, invited to attend the United Nations Conference on Road and Motor Transport or whose participation would, in the opinion of the Economic and Social Council, be desirable.

The provisions of this paragraph shall not apply in cases where an amendment to the Convention has been adopted in accordance with paragraph 5 of this article.

3. Any amendment to this Convention which shall be adopted by a two-thirds majority vote of a conference shall be communicated to all Contracting States for acceptance. Ninety days after its acceptance by two-thirds of the Contracting States each amendment to the Convention, except for those to annexes 1 and 2, shall enter into force for all the Contracting States except those which, before it enters into force, make a declaration that they do not adopt the amendment.

For the entry into force of any amendment to annexes 1 and 2 the majority shall be two-thirds of the States bound by the amended annex.

4. The Conference may by a two-thirds majority vote determine at the time of the adoption of an amendment to this Convention, except for those to annexes 1 and 2, that the amendment is of such a nature that any Contracting State which has made a declaration that it does not accept the amendment and which then does not accept the amendment within a period of twelve months after the amendment enters into force shall, upon the expiration of this period, cease to be a party to the Convention.

5. In the event of a two-thirds majority of the Contracting States informing the Secretary-General pursuant to paragraph 1 (*b*) of this article that they favour the acceptance of the amendment without a conference, notification of their decision shall be communicated by the Secretary-General to all the Contracting States. The amendment shall upon the expiration of ninety days from the date of such notification become effective as regards all the Contracting States except those States which notify the Secretary-General that they object to such an amendment within that period.

6. As regards amendments to annexes 1 and 2, and any amendment not within the scope of paragraph 4 of this article, the existing provisions shall remain in force in respect of any Contracting State which has made a declaration or lodged an objection with respect to such an amendment.

7. A Contracting State which has made a declaration in accordance with the provisions of paragraph 3 of this article, or has lodged an objection in accordance with the provisions of paragraph 5 of this article to an amendment, may with-

aðalframkvæmdastjóra. Breytingin tekur gildi gagnvart því ríki þegar tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra.

32. gr.

Segja má samningi þessum upp með eins árs fyrirvara til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal tilkynna uppsögnina hverju ríki sem undirritað hefur eða gerst aðili. Að loknum þeim fresti fellur samningurinn úr gildi gagnvart því ríki sem segir honum upp.

33. gr.

Hvers konar ágreiningi tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu samnings þessa sem aðilum er ekki fært að leysa með viðræðum eða samkomulagi á annan hátt getur hlutaðeigandi aðildarríki með skriflegum tilmælum vísað til úrskurðar Alþjóðadómstólsins.

34. gr.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal talið hindra aðildarríki í að gera ráðstafanir, sem samrýmast ákvæðum stofnskrár Sameinuðu þjóðanna og takmarkast við það sem brýnt er vegna tiltekins ástands, og það telur nauðsynlegar vegna ytra og innra öryggis.

35. gr.

1. Auk þeirra tilkynninga sem gert er ráð fyrir í 29. gr., 1., 3. og 5. tl. 31. gr. og 32. gr., skal aðalframkvæmdastjóri tilkynna ríkjum þeim sem getið er í 1. tl. 27. gr. um eftirfarandi:

a) Yfirlýsingar aðildarríkja um að þau, skv. 1. tl. 2. gr., undanþiggi gildissviði samnings þessa viðauka 1 eða viðauka 2 eða báða.

b) Yfirlýsingar aðildarríkja um að þau, skv. 2. tl. 2. gr., séu bundin af viðauka 1 eða viðauka 2 eða báðum.

c) Undirritanir, fullgildingar og aðild skv. 27. gr.

d) Tilkynningar með tilliti til beitingar samningsins varðandi landssvæði skv. 28. gr.

e) Tilkynningar um samþykkt ríkja á breytingum skv. 3. tl. 31. gr.

f) Andmæli gegn breytingum á samningnum sem ríki senda aðalframkvæmdastjóra skv. 5. tl. 31. gr.

g) Gildistökudag breytinga á samningnum skv. 3. og 5. tl. 31. gr.

h) Dagsetningu þegar ríki verður ekki lengur aðili að samningnum skv. 4. tl. 31. gr.

draw such declaration or objection at any time by notification addressed to the Secretary-General. The amendment shall be effective as regards that State upon receipt of such notification by the Secretary-General.

ARTICLE 32

This Convention may be denounced by means of one year's notice given to the Secretary-General of the United Nations, who shall notify each signatory or acceding State thereof. After the expiration of this period the Convention shall cease to be in force as regards the Contracting State which denounces it.

ARTICLE 33

Any dispute between any two or more Contracting States concerning the interpretation or application of this Convention, which the Parties are unable to settle by negotiation or by another mode of settlement, may be referred by written application from any of the Contracting States concerned to the International Court of Justice for decision.

ARTICLE 34

Nothing in this Convention shall be deemed to prevent a Contracting State from taking action compatible with the provisions of the Charter of the United Nations and limited to the exigencies of the situation which it considers necessary for its external or internal security.

ARTICLE 35

1. The Secretary-General shall, in addition to the notifications provided for in article 29, paragraphs 1, 3 and 5 of article 31 and article 32, notify the States referred to in paragraph 1 of article 27 of the following:

(*a*) Declarations by Contracting States that they exclude annex 1, annex 2, or both of them, from the application of the Convention in accordance with paragraph 1 of article 2;

(*b*) Declarations by Contracting States that they shall be bound by annex 1, annex 2, or both of them, in accordance with paragraph 2 of article 2;

(*c*) Signatures, ratifications and accessions in accordance with article 27;

(*d*) Notifications with regard to the territorial application of the Convention in accordance with article 28;

(*e*) Declarations whereby States accept amendments to the Convention in accordance with paragraph 3 of article 31;

(*f*) Objections to amendments to the Convention communicated by States to the Secretary-General in accordance with paragraph 5 of article 31;

(*g*) The date of entry into force of amendments to the Convention in accordance with paragraphs 3 and 5 of article 31;

(*h*) The date on which a State has ceased to be a Party to the Convention, in accordance with paragraph 4 of article 31;

i) Afturköllun andmæla gegn breytingu skv. 7. tl. 31. gr.

j) Skrá yfir þau ríki sem bundin eru af breytingum á samningnum.

k) Uppsagnir samningsins skv. 32. gr.

l) Tilkynningar þess efnis að samningurinn gildi ekki framar á tilteknu landssvæði skv. 3. tl. 28. gr.

m) Tilkynningar ríkja um þjóðernisbókstafi með tilliti til ákvæða í 3. tl. viðauka 4.

2. Frumriti þessa samnings skal komið til aðalframkvæmdastjóra til vörslu og skal hann senda þeim ríkjum sem getið er í 1. tl. 27. gr. staðfest afrit.

3. Aðalframkvæmdastjóra er heimilt að skrásetja samning þennan þegar hann öðlast gildi.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, að fram lögðum umboðum sínum, sem metin eru fullgild og við hæfi, skrifað undir samning þennan.

GERT í Genf 19. september 1949, í einu eintaki á ensku og frönsku og eru báðir textar gildir.

(*i*) Withdrawals of objections to an amendment in accordance with paragraph 7 of article 31;

(*j*) The list of States bound by any amendment to the Convention;

(*k*) Denunciations of the Convention in accordance with article 32;

(*l*) Declarations that the Convention has ceased to apply to a territory in accordance with paragraph 3 of article 28;

(*m*) Notifications with respect to distinctive letters made by States in accordance with the provisions of paragraph 3 of annex 4.

2. The original of this Convention shall be deposited with the Secretary-General who will transmit certified copies thereof to the States referred to in paragraph 1 of article 27.

3. The Secretary-General is authorized to register this Convention upon its entry into force.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned representatives, after having communicated their full powers, found to be in good and due form, have signed this Convention.

DONE at Geneva, in a single copy, in the English and French languages, both texts authentic, this nineteenth day of September, one thousand nine hundred and forty-nine.

VIÐAUKAR

Viðauki 1

VIÐBÓTARÁKVÆÐI UM SKILGREININGU Á VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM OG REIÐHJÓLUM

Reiðhjól sem búin eru eldsneytishjálparvél ekki yfir 50 sm^3 (3,05 e. rúmþml.) að slagrúmmáli skal ekki telja vélknúin ökutæki, enda svari þau að gerð til allra venjulegra einkenna reiðhjóla.

ANNEXES

Annex 1

ADDITIONAL PROVISION CONCERNING DEFINITIONS OF MOTOR VEHICLE AND CYCLE

Cycles fitted with an auxiliary internal combustion engine having a maximum cylinder capacity of 50 cm^3 (3.05 cu. in.) shall not be considered as motor vehicles, provided that they retain all the normal characteristics of cycles with respect to their structure.

Viðauki 2

FORGANGSRÉTTUR

1. Þegar tvö ökutæki nálgast vegamót samtímis, þar sem annar vegurinn nýtur ekki forgangsréttar umfram hinn, skal, í löndum hægri umferðar, það ökutæki sem kemur frá vinstri, og í löndum vinstri umferðar, það ökutæki sem kemur frá hægri, víkja fyrir hinu ökutækinu.

2. Ákvæðið um forgangsrétt þarf ekki að gilda gagnvart sporvögnum og járnbrautarlestum á vegum.

Annex 2

PRIORITY OF PASSAGE

1. When any two vehicles are simultaneously approaching a road intersection by roads of which one does not enjoy priority over the other, the vehicle approaching from the left in countries where the direction of traffic is on the right, and from the right in countries where the direction of traffic is on the left, shall yield the right of way to the other vehicle.

2. The right of priority shall not necessarily apply in the case of tramcars and trains on roads.

Viðauki 3

SKRÁNINGARNÚMER ÖKUTÆKJA Í ALÞJÓÐLEGRI UMFERÐ

1. Skráningarnúmer ökutækis skal annað hvort vera tölustafir eða tölustafir og bókstafir. Tölustafir skulu vera arabískir tölustafir eins og á skjölum Sameinuðu þjóðanna, og bókstafir latneskir bókstafir. Þegar notaðir eru aðrir tölustafir eða bókstafir skulu þeir endurteknir með tölum eða bókstöfum samkvæmt framangreindu.

2. Númerið skal vera læsilegt í venjulegri dagsbirtu í 20 m fjarlægð (65 e. ft.).

3. Þegar skráningarnúmerið er á sérstöku spjaldi, skal því komið fyrir í lóðréttri eða nær lóðréttri stöðu sem veit hornrétt á lengdaröxul ökutækisins. Þegar númerið er fest eða málað á ökutækið sjálft, skal það vera á lóðréttum eða nær lóðréttum fleti á skut ökutækisins.

4. Lýsa skal skráningarnúmer á skut svo sem mælt er fyrir í viðauka 6.

Annex 3

REGISTRATION NUMBER OF VEHICLES IN INTERNATIONAL TRAFFIC

1. The registration number of a vehicle shall consist either of figures or of figures and letters. The figures shall be in Arabic numerals as used in United Nations documents and the letters in Latin characters. When other numerals or characters are used, they shall be repeated in the numerals or characters of the types mentioned above.

2. The number shall be legible in normal daylight at a distance of 20 m (65 feet).

3. When the registration number is displayed on a special plate, this plate shall be fixed in a vertical or nearly vertical position and in a plane perpendicular to the longitudinal axis of the vehicle itself. When the number is fixed to or painted on the vehicle itself, this shall be done on a vertical or nearly vertical surface at the back of the vehicle.

4. The rear registration number shall be illuminated as prescribed in annex 6.

Viðauki 4

ÞJÓÐERNISMERKI ÖKUTÆKJA Í ALÞJÓÐLEGRI UMFERÐ

1. Þjóðernismerki skal vera einn til þrír latneskir upphafsstafir. Bókstafir skulu vera a. m. k. 80 mm (3,1 e. þml.) á hæð og strikbreidd a. m. k. 10 mm (0,4 e. þml.). Bókstafi skal mála svörtum lit á hvítum sporöskjulaga grunni með láréttum aðalöxli.

2. Ef þjóðernismerkið er þrír bókstafir skal sporbaugurinn vera a. m. k. 240 mm (9,4 e. þml.) á breidd og 145 mm (5,7 e. þml.) á hæð. Bauginn má minnka í 175 mm (6,9 e. þml.) á breidd og 115 mm (4,5 e. þml.) á hæð ef færri en þrír bókstafir eru í merkinu.

Að því er varðar þjóðernismerki bifhjóla má, hvort sem merkið er einn, tveir eða þrír bókstafir, minnka sporbauginn í 175 mm (6,9 e. þml.) á breidd og 115 mm (4,5 e. þml.) á hæð.

3. Þjóðernisbókstafir hinna ýmsu ríkja og landssvæða eru þessir:*)

Hvert það ríki sem ekki hefur þegar gert það skal, við undirritun, fullgildingu eða aðild að samningi þessum, tilkynna aðalframkvæmdastjóra hvaða þjóðernisbókstafi það hefur valið.

4. Þegar þjóðernismerki er á sérstöku spjaldi skal því komið fyrir í lóðréttri eða nær lóðréttri stöðu sem veit hornrétt á lengdaröxul ökutækisins. Þegar merkið er fest eða málað á ökutækið sjálft, skal það vera á lóðréttum eða nær lóðréttum fleti á skut ökutækisins.

*) Hér eru bókstafir ekki taldir upp.

Annex 4

DISTINGUISHING SIGN OF VEHICLES IN INTERNATIONAL TRAFFIC

1. The distinguishing sign shall be composed of one to three letters in capital Latin characters. The letters shall have a minimum height of 80 mm (3.1 in.) and their strokes a width of 10 mm (0.4 in.). The letters shall be painted in black on a white ground of elliptical form with the major axis horizontal.

2. If the distinguishing sign is composed of three letters, the dimensions of the ellipse shall be at least 240 mm (9.4 in.) in width and 145 mm (5.7 in.) in height. The dimensions may be reduced to 175 mm (6.9 in.) in width and 115 mm (4.5 in.) in height if the sign carries less than three letters.

As regards the distinguishing signs for motorcycles, the dimensions of the ellipse, whether the sign is composed of one, two or three letters, may be reduced to 175 mm (6.9 in.) in width and 115 mm (4.5 in.) in height.

3. The distinctive letters for the different States and territories are as follows:*)

Any State which has not already done so shall on signature or ratification of, or accession to, this Convention, notify the Secretary-General of the distinctive letters selected by that State.

4. When the distinguishing sign is carried on a special plate this plate shall be fixed in a vertical or nearly vertical position and in a plane perpendicular to the longitudinal axis of the vehicle itself. When the sign is fixed to or painted on the vehicle itself, this shall be done on a vertical or nearly vertical surface at the back of the vehicle.

*) Distinctive letters omitted.

Viðauki 5

AUÐKENNI ÖKUTÆKJA Í ALÞJÓÐLEGRI UMFERÐ

1. Auðkennin eru:

a) á vélknúnum ökutækjum:

i. nafn framleiðanda ökutækisins eða vörumerki.

ii. framleiðslu- eða röðunarnúmer framleiðanda á undirvagni eða yfirbyggingu ef ekki er um undirvagn að ræða.

iii. vélarnúmer framleiðanda á vél ef framleiðandi hefur skráð það á vélina.

b) á tengivögnum annað hvort upplýsingar sem greinir í i og ii að framan eða auðkenni sem þar til bært yfirvald hefur úthlutað tengivagni.

2. Framangreindum auðkennum skal komið fyrir þar sem auðvelt er að komast að þeim og skulu þau auðlesin og vera þannig að torvelt sé að fjarlægja þau eða breyta þeim.

Annex 5

IDENTIFICATION MARKS OF VEHICLES IN INTERNATIONAL TRAFFIC

1. The identification marks shall comprise:

(*a*) In the case of a motor vehicle:

(i) The name or the trade mark of the maker of the vehicle,

(ii) On the chassis or, in the absence of a chassis, on the body, the maker's identification or serial number,

(iii) On the engine, the maker's engine number if such a number is placed thereon by the maker;

(*b*) In the case of a trailer, either the information referred to in (i) and (ii) above or an identification mark issued for the trailer by the competent authority.

2. The marks mentioned above shall be placed in accessible positions and shall be in a form easily legible and not capable of being easily removed or altered.

Viðauki 6

TÆKNIKRÖFUR UM BÚNAÐ VÉLKNÚINNA ÖKUTÆKJA OG TENGIVAGNA Í ALÞJÓÐLEGRI UMFERÐ

I. Hemlar.

a) Hemlar vélknúinna ökutækja, annarra en bifhjóla með eða án hliðarvagns.

Hvert vélknúið ökutæki skal búið hemlum sem gera það kleift að hafa stjórn á hreyfingum þess og stöðva það á virkan, öruggan og skjótan hátt, hvernig sem hleðslu þess er háttað, í halla þar sem ökutækið er notað, hvort sem það stefnir upp eða niður.

Hemlun skal framkvæma með tvenns konar hemlakerfum, þannig gerðum að stöðva megi ökutækið með öðru kerfinu innan hæfilegrar fjarlægðar ef hitt bregst.

Annað hemlakerfið samkvæmt þessum viðauka nefnist „aksturshemill", hitt „stöðuhemill".

Stöðuhemli skal vera unnt að halda í hemlunarstöðu með beinum vélrænum hætti, einnig í fjarveru stjórnanda.

Bæði hemlakerfi skulu þannig búin að unnt sé að beita hemlum á hjól sem eru samsvarandi sitt hvorum megin miðað við lengdaröxul ökutækisins.

Hemlafletir skulu ætíð tengdir við hjól ökutækis þannig að ekki sé unnt að rjúfa þá nema andartak með tengsli, gírkassa eða fríhjóli.

A. m. k. öðru hemlakerfinu skal fært að verka á hemlafleti sem festir eru við hjól ökutækis beint eða um hluta sem treysta má að bregðist ekki.

b) Hemlar tengivagna.

Hver tengivagn með leyfðri hámarksþyngd yfir 750 kg (1650 e. pd.) skal búinn a. m. k. einu hemlakerfi er verki á hjól sem eru samsvarandi sitt hvorum megin miðað við lengdaröxul

Annex 6

TECHNICAL CONDITIONS CONCERNING THE EQUIPMENT OF MOTOR VEHICLES AND TRAILERS IN INTERNATIONAL TRAFFIC

I. Braking

(*a*) *Braking of motor vehicles other than motor cycles with or without side-cars*

Every motor vehicle shall be equipped with brakes capable of controlling the movement of and of stopping the vehicle in an efficient, safe and rapid way under any conditions of loading on any up or down gradient on which the vehicle is operated.

The braking shall be operated by means of two devices so constructed that, in the event of failure of one of the braking devices, the other shall be capable of stopping the vehicle within a reasonable distance.

For the purpose of this annex, one of these braking devices will be called the "service brake" and the other one the "parking brake".

The parking brake shall be capable of being secured, even in the absence of the driver, by direct mechanical action.

Either means of operation shall be capable of applying braking force to wheels symmetrically placed on each side of the longitudinal axis of the vehicle.

The braking surfaces shall always be connected with the wheels of the vehicle in such a way that it is not possible to disconnect them otherwise than momentarily by means of a clutch, gear box or free wheel.

One at least of the braking devices shall be capable of acting on braking surfaces directly attached to the wheels of the vehicle or attached through parts not liable to failure.

(*b*) *Braking of trailers*

Every trailer having a permissible maximum weight exceeding 750 kg (1,650 lbs.) shall be equipped with at least one braking device acting on wheels placed symmetrically

ökutækis og verki á a. m. k. helming hjólanna.

Ákvæði fyrri málsgreinar gilda þó einnig um tengivagna ef leyfð hámarksþyngd þeirra er ekki meiri en 750 kg (1650 e. pd.) en meiri en helmingur eigin þyngdar dráttartækisins.

Hemlakerfi tengivagna með leyfðri hámarksþyngd yfir 3500 kg (7700 e. pd.) skal þannig búið að unnt sé að beita því með notkun akstursbremsu dráttartækisins. Þegar leyfð hámarksþyngd tengivagns er ekki meiri en 3500 kg (7700 e. pd.) nægir að hemlakerfi hans verki aðeins með því að tengivagninn fellur að dráttartækinu (dráttarhemill).

Hemlakerfi tengivagns skal þannig búið að það komi í veg fyrir snúning hjóla þegar tengivagninn er aftengdur.

Hver tengivagn með hemli skal búinn tilfærum sem gera það kleift að stöðva tengivagninn sjálfkrafa ef hann í akstri losnar úr tengslum. Þetta ákvæði gildir ekki um tvíhjóla tjaldbúðarvagna eða létta farangursvagna sem eru þyngri en 750 kg (1650 e. pd.), enda séu þeir, auk aðaltengsla, jafnframt búnir öðrum tengslum svo sem keðju eða vírstreng.

c) Hemlar liðskiptra ökutækja og samtengdra vélknúinna ökutækja og tengivagna.

i. Liðskipt ökutæki.

Ákvæði a-liðar þessa kafla taka til hvers konar liðskiptra ökutækja. Festivagn með leyfðri hámarksþyngd yfir 750 kg (1650 e. pd.) skal búinn a. m. k. einu hemlakerfi sem beitt verði með notkun akstursbremsu dráttartækis.

Hemlakerfi festivagns skal að auki þannig búið að það komi í veg fyrir snúning hjóla þegar festivagninn er aftengdur.

Þegar landslög mæla svo fyrir, skal festivagn með hemli búinn tilfærum sem gera það kleift að stöðva festivagninn sjálfkrafa ef hann í akstri losnar úr tengslum.

ii. Samtengd vélknúin ökutæki og tengivagnar.

Hver samtenging vélknúins ökutækis og eins eða fleiri tengivagna skal búin hemlum sem gera það kleift að hafa stjórn á hreyfingum samtengingarinnar og stöðva hana á virkan, öruggan og skjótan hátt, hvernig sem hleðslu hennar er háttað, í halla þar sem hún er notuð, hvort sem hún stefnir upp eða niður.

d) Hemlar bifhjóla með eða án hliðarvagna.

Hvert bifhjól skal búið tvenns konar hemlakerfum sem stjórna má með hendi eða fæti og gera það kleift að hafa stjórn á hreyfingum bifhjólsins og stöðva það á virkan, öruggan og skjótan hátt.

II. Ljósabúnaður.

a) Hvert vélknúið ökutæki, annað en bifhjól með eða án hliðarvagns, sem gert er til hraðari aksturs en 20 km (12 e. m.) á klst. á jafnsléttu skal búið a. m. k. tveimur hvítum eða gulum ökuljósum að framan sem geti að nóttu til í skíru veðri lýst

on each side of the longitudinal axis of the vehicle and acting on at least half the number of wheels.

The provisions of the preceding paragraph shall be required, however, in respect of trailers if the permissible maximum weight does not exceed 750 kg (1,650 lbs.) but exceeds one-half of the unladen weight of the drawing vehicle.

The braking device of trailers with a permissible maximum weight exceeding 3,500 kg (7,700 lbs.) shall be capable of being operated by applying the service brake from the drawing vehicle. When the permissible maximum weight of the trailer does not exceed 3,500 kg (7,700 lbs.) its braking device may be brought into action merely by the trailer moving upon the drawing vehicle (overrun braking).

The braking device of the trailer shall be capable of preventing the rotation of the wheels when the trailer is uncoupled.

Any trailer equipped with a brake shall be fitted with a device capable of automatically stopping the trailer if it becomes detached whilst in motion. This provision shall not apply to two-wheeled camping trailers or light luggage trailers whose weight exceeds 750 kg (1,650 lbs.) provided that they are equipped in addition to the main attachment with a secondary attachment which may be a chain or a wire rope.

(c) Braking of articulated vehicles and combinations of motor vehicles and trailers

(i) Articulated vehicles

The provisions of paragraph (*a*) of this part shall apply to every articulated vehicle. A semi-trailer having a permissible maximum weight exceeding 750 kg (1,650 lbs.) shall be equipped with at least one braking device capable of being operated by applying the service brake from the drawing vehicle.

The braking device of the semi-trailer shall, in addition, be capable of preventing the rotation of the wheels when the semi-trailer is uncoupled.

When required by domestic regulations a semi-trailer equipped with a brake shall be fitted with a device capable of stopping automatically the semi-trailer if it becomes detached whilst in motion.

(ii) Combinations of motor vehicles and trailers

Every combination of a motor vehicle and one or more trailers shall be equipped with brakes capable of controlling the movement of and of stopping the combination in an efficient, safe and rapid way under any conditions of loading on any up or down gradient on which it is operated.

(d) Braking of motor cycles with or without sidecars

Every motor cycle shall be equipped with two braking devices which may be operated by hand or foot, capable of controlling the movement of and of stopping the motor cycle in an efficient, safe and rapid way.

II. Lighting

(*a*) Every motor vehicle other than a motor cycle with or without sidecar and capable of exceeding 20 km (12 miles) per hour on the level shall be equipped with at least two white or yellow driving lights, fitted in front,

veginn nægilega vel 100 m (325 e. ft.) fram fyrir ökutækið.

b) Hvert vélknúið ökutæki, annað en bifhjól með eða án hliðarvagns, sem gert er til hraðari aksturs en 20 km (12 e. m.) á klst. á jafnsléttu skal búið tveimur hvítum eða gulum mætingarljósum að framan sem geti að nóttu til í skíru veðri þegar þörf er á lýst veginn nægilega vel 30 m (100 e. ft.) fram fyrir ökutækið án þess að valda öðrum vegfarendum glýju, hver svo sem akstursstefnan kann að vera.

Mætingarljós skal ætíð nota í stað ökuljósa þegar notkun ljósa sem ekki valda glýju er nauðsynleg eða fyrirskipuð.

c) Hvert bifhjól með eða án hliðarvagns skal búið a. m. k. einu ökuljósi og einu mætingarljósi í samræmi við ákvæði a- og b-liða þessa kafla. Undanþiggja má þessu ákvæði bifhjól sem búin eru vél ekki yfir 50 sm^3 (3,05 e. rúmþml.) að slagrúmmáli.

d) Hvert vélknúið ökutæki, annað en bifhjól með eða án hliðarvagns, skal búið tveimur hvítum stöðuljósum (hliðarljósum) að framan. Skulu ljós þessi sjást greinilega að nóttu til í skíru veðri 150 m (500 e. ft.) framan við ökutækið án þess að valda öðrum vegfarendum glýju.

Sá hluti ljósflatar þessara ljósa sem fjærstur er lengdaröxli ökutækis skal vera eins nærri ystu brún ökutækis og unnt er og aldrei fjær en 400 mm (16 e. þml.).

Stöðuljós (hliðarljós) skulu ætíð tendruð að nóttu til þegar svo er fyrir mælt og samtímis mætingarljósum ef enginn hluti ljósflatar á ljóskerum mætingarljósa er innan 400 mm (16 e. þml.) frá ystu brún ökutækis.

e) Hvert vélknúið ökutæki og hver tengivagn aftastur samtengdra ökutækja skal búinn a. m. k. einu rauðu afturljósi sem sést að nóttu til í skíru veðri 150 m (500 e. ft.) aftan við ökutækið.

f) Skráningarnúmer á skut vélknúins ökutækis eða tengivagns skal unnt að lýsa þannig að nóttu til að það sé læsilegt í skíru veðri úr 20 m (65 e. ft.) fjarlægð aftur undan.

g) Rauða afturljósið eða ljósin og ljós skráningarnúmers á skut skulu tendruð samtímis hverju eftirtalinna ljósa: stöðuljósum (hliðarljósum), mætingarljósum eða ökuljósum.

h) Hvert vélknúið ökutæki, annað en bifhjól án hliðarvagns, skal búið tveimur rauðum endurskinsglerjum, sem æskilegt er að séu ekki þríhyrnd, og skal þeim komið fyrir samsvarandi sitt hvorum megin aftan á ökutækinu. Ytri brúnir þessara endurskinsglerja skulu vera eins nálægt ystu brún ökutækis og unnt er og aldrei fjær en 400 mm (16 e. þml.). Endurskinsglerin mega vera sambyggð rauðu afturljósunum, svo fremi þau séu í samræmi við ofangreind fyrirmæli. Endurskinsglerin skulu sjást

capable of adequately illuminating the road for a distance of 100 m (325 feet) in front of the vehicle at night time in clear weather.

(*b*) Every motor vehicle other than a motor cycle with or without sidecar and capable of exceeding 20 km (12 miles) per hour on the level shall be equipped with two white or yellow passing lights fitted at the front of the vehicle and capable when necessary of adequately illuminating the road at night in clear weather in front of the vehicle for a distance of 30 m (100 feet) without causing glare or dazzle to other road users whatever the direction of the traffic may be.

Passing lights shall be used instead of driving lights in all cases when the use of lights causing no dazzle or glare is necessary or compulsory.

(*c*) Every motor cycle with or without sidecar shall have at least one driving light and one passing light conforming to the provisions of (*a*) and (*b*) of this part. However, motor cycles with an engine of a maximum cylinder capacity of 50 cm^3 (3.05 cu. in.) may be excluded from this obligation.

(*d*) Every motor vehicle other than a motor cycle without sidecar shall be equipped with two white position (side) lights at the front. These lights shall be clearly visible at night time in clear weather at a distance of 150 m (500 feet) from the front of the vehicle without causing any glare or dazzle to other road users.

The part of the illuminating surface of these lights furthest from the longitudinal axis of the vehicle shall be as near as possible to and in no case further than 400 mm (16 in.) from the extreme outer edges of the vehicle.

Position (side) lights shall be shown at night time in all cases when the use of such lights is compulsory and at the same time as the passing lights if no part of the illuminating surface of the lamps of the passing lights is within 400 mm (16 in.) of the extreme outer edges of the vehicle.

(*e*) Every motor vehicle and every trailer at the end of a combination of vehicles shall be equipped at the rear with at least one red light visible at night time in clear weather at a distance of 150 m (500 feet) from the rear of the vehicle.

(*f*) The registration number displayed at the rear of a motor vehicle or a trailer shall be capable of illumination at night time in such a manner that it can be read in clear weather at a distance of 20 m (65 feet) from the rear.

(*g*) The red rear light or lights and the light for the rear registration number shall be shown at the same time as any of the following: position (side) lights, passing lights or driving lights.

(*h*) Every motor vehicle other than a motor cycle without sidecar shall be equipped with two red reflex reflectors preferably of other than triangular form, fitted symmetrically at the rear and on opposite sides of the vehicle. The outer edges of each of these reflectors must be as near as possible to and in no case further than 400 mm (16 in.) from the outer edges of the vehicle. These reflectors may be incorporated in the rear red lamps if these lamps comply with

að nóttu til í skíru veðri úr a. m. k. 100 m (325 e. ft.) fjarlægð þegar tvö ökuljós lýsa þau upp.

i) Hvert bifhjól án hliðarvagns skal búið einu rauðu endurskinsgleri, sem æskilegt er að sé ekki þríhyrnt, og skal því komið fyrir aftan á ökutækinu og sé það sambyggt eða aðgreint frá rauða afturljósinu; skal það sjáanlegt svo sem mælt er fyrir um í h-lið þessa kafla.

j) Hver tengivagn og hvert liðskipt ökutæki skal búið tveimur endurskinsglerjum, helst þríhyrndum, sem komið sé fyrir samsvarandi sitt hvorum megin aftan á ökutækinu. Endurskinsgler þessi skulu sjást að nóttu til í skíru veðri úr a. m. k. 100 m (325 e. ft.) fjarlægð, þegar tvö ökuljós lýsa þau upp.

Þegar endurskinsglerin eru þríhyrnd skal þríhyrningurinn vera jafnhliða og hliðar hans a. m. k. 150 mm (6 e. þml.) og viti eitt hornið upp. Ytri horn hvors endurskinsglers skulu vera eins nálægt ystu brún ökutækis og unnt er og aldrei fjær en 400 mm (16 e. þml.).

k) Hvert vélknúið ökutæki, annað en bifhjól, og hver tengivagn aftastur samtengdra ökutækja skal búinn a. m. k. einu stöðvunarljósi að aftan rauðu eða rauðgulu að lit. Ljós þetta skal lýsa þegar aksturshemli vélknúna ökutækisins er beitt. Ef stöðvunarljósið er rautt og annað hvort sambyggt rauða afturljósinu eða tengt því skal ljósmagn þess vera meira en ljósmagn rauða afturljóssins. Stöðvunarljóss er ekki krafist á tengivögnum og festivögnum ef stærð þeirra er þannig að stöðvunarljós dráttartækisins sést eftir sem áður að aftan.

l) Þegar vélknúið ökutæki er búið stefnuljósum skulu þau vera af einni eftirfarandi gerða:

i. hreyfanlegur armur sem beint er út frá hvorri hlið ökutækis og sýnir óslitið rauðgult ljós þegar armurinn er í láréttri stöðu,

ii. látlaust leiftrandi rauðgult ljós sem komið er fyrir á hvorri hlið ökutækisins,

iii. látlaust leiftrandi ljós sitt hvorum megin framan og aftan á ökutækinu. Ljósið að framan skal vera hvítt eða rauðgult og ljósið að aftan rautt eða rauðgult.

m) Engin ljós önnur en stefnuljós mega leiftra.

n) Ef ökutæki er búið margs konar ljósum sömu gerðar skulu þau vera af sama lit og tveimur þessara ljósa skal, að undanteknu því er viðkemur bifhjólum með hliðarvagni, komið fyrir samsvarandi miðað við lengdaröxul ökutækisins.

o) Koma má fleiri ljósum fyrir í sama ljósabúnaði, svo fremi hvert þessara ljósa fullnægi viðkomandi ákvæðum þessa kafla.

the above requirements. These reflectors shall be visible at night time in clear weather from a distance of at least 100 m (325 feet) when illuminated by means of two driving lights.

(*i*) Every motor cycle without sidecar shall be equipped with a red reflex reflector preferably of other than triangular form, fitted at the rear of the vehicle, either incorporated in, or separate from, the rear red lamp and shall comply with the conditions of visibility mentioned under paragraph (*h*) of this part.

(*j*) Every trailer and every articulated vehicle shall be equipped with two red reflex reflectors, preferably triangular in shape, fitted symmetrically at the rear and on opposite sides of the vehicle. These reflectors shall be visible at night time in clear weather from a distance of at least 100 m (325 feet) when illuminated by means of two driving lights.

When the reflectors are triangular in shape, the triangle shall be equilateral, with sides of at least 150 mm (6 in.) and shall be upright in position. The outer corner of each of these reflectors shall be as near as possible to and in no case further than 400 mm (16 in.) from the extreme outer edges of the vehicle.

